

SVEINSPRÓF Í HÁRSNYRTIÐN

Verklega prófið fer yfirleitt fram um helgi, á laugardegi og sunnudegi. Prófið skiptist í prófþætti og verður próftaki að standast alla prófþættina til þess að ná prófinu í heild sinni. **Jafnt vægi** er milli prófþátta.

PRÓFÞÆTTIR OG VÆGI

Prófþættirnir eru þessir:

1. Blástur.
2. Síð lína
3. Hárlitun síð lína
4. Permanent.
5. Skeggklipping og rakstur.
6. Stutt lína.
7. Uppsetning á síðu hári.

Sveinsprófsnefndin hefur komið sér upp sérstökum leiðbeiningum um framkvæmd prófsins og um mat á úrlausnum. Próftaki kemur í prófið með módel, öll verkfæri, efni, slár og handklæði sem hann þarf að nota í prófinu. Hann fær ákveðinn tíma í hvert prófverkefni og verður að stoppa þegar sá tími er liðinn. Gefin er sérstök einkunn fyrir hvern prófþátt. Próftaki þarf að ná 5,0 í hverjum prófþætti og auk þess 5,0 í aðaleinkunn.

ALMENNAR REGLUR

- Próftaki skal mæta til prófs á réttum tíma. Minnst 15 mín. fyrir próf.
- Próftaki á að hafa með sér öll gögn og verkfæri sem eru uppgefin í upplýsingabréfi.
- Þurfi próftaki að yfirgefa prófsvæðið á meðan próf stendur yfir skal það gert í samráði við prófdómara.
- Ef próftaki mætir 15 mín. of seint í próf getur hann átt á hættu að vera vísað frá prófi.
- Ef um veikindi próftaka er að ræða í verklegu prófi verður viðkomandi sveinsprófstaki að bíða þar til næsta próf verður í boði.
- Ef staðfesting liggur fyrir frá viðkomandi framhaldsskóla um námsörðugleika fær viðkomandi sveinsprófstaki viðbótartíma. Hámark 30 mín. með undantekningum.
- Ef próftaki er haldinn ákveðnum prófkvíða skal hafa samband við starfs- og námsráðgjafa hjá IÐUNNI fræðslusetri við skráningu í sveinspróf.
- Ekki er leyfilegt að módel hafi stundað nám í hársnyrtiðn.

VERKLEGT PRÓF

BLÁSTUR

Allt hárið skal blásið frá grunni í ákveðið form. Blásturinn þarf að hæfa módelinu. Nota skal eingöngu bursta. Öll mótunarefni eru leyfileg við blásturinn. Túpering og öll efnisnotkun EFTIR blásturinn eru ekki leyfileg. Það þarf að vera hægt að greiða í gegnum hárið.

Innrvægi prófþáttar er:

Áferð hárs að ofan: 20%

Áferð hnakki: 30%

Áferð á hliðum: 30%

Heildar áferð: 20%

Tímamörk: Próftaki hefur 40 mín. til að ljúka verkefninu. Ef það tekst ekki á tilskyldum tíma er próftaki fallinn á prófþættinum. Lágmarkseinkunn í prófþættinum er 5,0.

SÍÐ LÍNA

Próftaki á að sýna minnst tvær samsetningar af klippiformum og þynningu. Heildarútkoman þarf að lámarki að ná niður fyrir eyru og klippa skal minnst þrjá sentimetra af öllu hárinu. Hárið skal þurrkað án mótunarefna.

Við upphaf prófs skal skila verklýsingu til sveinsprófsnefndar.

Í verklýsingu skal koma fram eftirfarandi: **Persónuupplýsingar próftaka, mynd af módeli fyrir breytingu, form, litir, gráður, örvar og útlínufrom ásamt greina góðri lýsingu um hvernig verkið mun fara fram í heild sinni.**

Ath. Stutt og síð lína mega ekki vera í sömu lengd.

Innrvægi prófþáttar er:

Verklýsing: 10%

Klipping: 50%

Þynning: 20%

Heild: 20%

Tímamörk: Próftaki hefur 45 mín. til að ljúka verkefninu. Ef það tekst ekki á tilskyldum tíma er próftaki fallinn á prófþættinum. Lágmarkseinkunn í prófþættinum er 5,0

HÁRLITUN – SÍÐ LÍNA

Við upphaf prófs skal skila verklýsingu til sveinsprófsnefndar.

Í verklýsingu skal koma fram eftirfarandi: **Persónuupplýsingar próftaka, mynd af módeli fyrir breytingu, greining á hári viðskiptavinarins, val á lit, festi og blöndunarhlutfall.** Sveinsprófstaki skal jafnframt skila greinagóðri lýsingu á hvernig verkið er framkvæmt í heild sinni og hver lokaútkoma á að vera í orðum.

Hárið skal ná að lágmarki niður fyrir eyru. Ef módel er með litað hár skal vera minnst 1 cm. rót. Nota skal fleiri en einn lit og sýna fram á **minnst tvo tóna** í litabreytingu 80% hluta af hárinu. Nota skal 100% lit, en leyfilegt er að nota 70 % lit í lengd og enda. Leyfilegt er að nota allar tegundir lita. Sýna þarf litatækni og sköpun. Hárið skal þurrkað án mótunarefna.

Innravægi prófþáttar er:

Verklýsing: 10%

Litun: 40%

Tækni og sköpun: 30%

Heild: 20%

Tímamörk: Próftaki hefur 90 mín. til að ljúka verkefninu. Ef það tekst ekki á tilskyldum tíma er próftaki fallinn á prófþættinum. Lágmarkseinkunn í prófþættinum er 5,0. Sama módelið er notað í klippinguna og litunina.

PERMANENT

Við upphaf prófs skal skila verklýsingu til sveinsprófsnefndar.

Á verklýsingu skal koma fram eftirfarandi: **Persónuupplýsingar próftaka, mynd af módeli fyrir breytingu, upprúll, spólustærð og örvar ásamt greinagóðri lýsingu á hárinu fyrir og hvernig útkoman á að vera.** Leyfilegt er að nota allar tegundir af permanentspólum en gæta þess að spólugerðin taki mið af hárgerð og fyrirhugaðri útkomu. Minnst 80% af hárinu skal permanentað, sem dæmi má skilja eftir hnakka eða topp. Próftaki velur sjálfur permanentvökva í samræmi við fyrirhugaða útkomu. Próftaki skal geta rúllað upp permanenti, greint hár og valið viðeigandi rúllur. Próftaki skal hafa gott vald á ísetningu permanents og meðferð efna og endanlegu útliti permanentsins.

Innravægi prófþáttar er:

Verklýsing: 10%

Áferð: 45%

Upprúll: 45%

Tímamörk: Próftaki hefur 105 mín. til að ljúka verkefninu. Ef það tekst ekki á tilskyldum tíma er próftaki fallinn á prófþættinum. Lágmarkseinkunn í prófþættinum er 5,0.

SKEGGKLIPPING OG RAKSTUR

Við upphaf prófs skal skila verklýsingu til sveinsprófsnefndar.

Í verklýsingu skal koma fram eftirfarandi: **Persónuupplýsingar próftaka, mynd af módeli fyrir breytingu, klippiform, litir, gráður og útlínuform ásamt greinagóðri lýsingu á hvernig verkið fer fram í heild sinni.** Skeggrót þarf að vera á öllu skeggsvæðinu, ekki má móta fyrirhugaða skeggklippingu með lit eða blýanti. Sýna þarf breytingu á öllu skeggsvæðinu. Skeggið klippist með skærum eða klippivél yfir greiðu. Húðin er rökuð með hníf þar sem við á (foil vélar ekki leyfðar). Lögð er áhersla á form, skeggið sé vel snyrt, útlínur hreinar, húðin mjúk.

Innravægi prófþáttar er:

Verklýsing: 10%

Skeggklipping: 40%

Útlínur 25%

Rakstur 25%

Tímamörk: Próftaki hefur 45 mín. til að ljúka verkefninu. Ef það tekst ekki á tilskyldum tíma er próftaki fallinn á prófþættinum. Lágmarkseinkunn í prófþættinum er 5,0

STUTT LÍNA

Við upphaf prófs skal skila verklýsingu til sveinsprófsnefndar.

Í verklýsingu skal koma fram eftirfarandi: **Persónuupplýsingar próftaka, mynd af módeli fyrir breytingu, form, litir, gráður, örvar og útlínuform ásamt greina góðri lýsingu um hvernig verkið mun fara fram í heild sinni.** Próftaki skal sýna minnst tvær samsetningar af klippiformum og þynningu. Klippa skal minnst tvo sentímetra af öllu hárinu. Hárið skal þurrkað án mótunarefna.

Ath. Stutt og síð lína má ekki vera í sömu lengd

Innravægi prófþáttar er:

Verklýsing: 10%

Klipping: 50%

Þynning: 20%

Heild: 20%

Tímamörk: Próftaki hefur 40 mín. til að ljúka verkefninu. Ef það tekst ekki á tilskyldum tíma er próftaki fallinn á prófþættinum. Lágmarkseinkunn í prófþættinum er 5,0

UPPSETNING Á SÍÐU HÁRI.

Módel mætir með hárið tilbúið til uppgreiðslu. Próftaki má vera búinn að undirbúa hárið áður, en að það skuli falla frjálst og að dómarrar geti greitt í gegnum það. Lágmarkssídd miðast við axlir. Hárlengingar eru ekki leyfðar. Minnst $\frac{2}{3}$ hlutar hársins eiga að vera uppsettir. Hárskraut er leyft, einnig lausir hártoppur. Lausu hártopparnir mega ekki þekja meira en 25% af yfirborði hársins. Lögð er áhersla á að próftakinn hafi gott vald á viðurkenndum aðferðum við að útfæra greiðslur, notkun hárskrauts, geta greitt hár í mismunandi form, sýnt fram á listsköpun, jafnframt að greiðslan sé hrein þar sem við á og hæfi módeli.

Innravægi prófþáttar er:

Útlit, form, uppbygging, hreinleiki og heildar áferð: 100%

Tímamörk: Próftaki hefur 45 mín. til að ljúka verkefninu. Ef það tekst ekki á tilskyldum tíma er próftaki fallinn á prófþættinum. Lágmarkseinkunn í prófþættinum er 5,0

EINKUNNAGJÖF

Einkunn 10 vísar til þess að	95% - 100% markmiða var náð
Einkunn 9 vísar til þess að	85% - 94% markmiða var náð
Einkunn 8 vísar til þess að	75% - 84% markmiða var náð
Einkunn 7 vísar til þess að	65% - 74% markmiða var náð
Einkunn 6 vísar til þess að	55% - 64% markmiða var náð
Einkunn 5 vísar til þess að	45% - 54% markmiða var náð
Einkunn 4 vísar til þess að	35% - 44% markmiða var náð
Einkunn 3 vísar til þess að	25% - 34% markmiða var náð
Einkunn 2 vísar til þess að	15% - 24% markmiða var náð
Einkunn 1 vísar til þess að	0% - 14% markmiða var náð

SKIL Á EINKUNNUM OG PRÓFSÝNING

Formenn sveinsprófsnefnda skila einkunnum á sveinsprófi til IÐUNNAR ekki seinna en 10 dögum eftir að sveinsprófi lýkur. Próftakar fá niðurstöður sveinsprófa. Sveinsbréfabókin, afhenta eigi síðar en 3 mánuðum eftir að prófið hefur verið haldið. Tíu dögum eftir sveinspróf heldur sveinsprófsnefnd prófsýningu þar sem hún gerir próftökum grein fyrir niðurstöðum sveinsprófs. Þeir eiga þess kost að gera athugasemdir við mat prófnefndar. Séu þeir ósáttir við mat nefndarinnar geta þeir áfrýjað því til menntamálaráðuneytisins innan þriggja mánaða frá því að þeim var niðurstaðan kunn.